

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt sérstaklega og dæmast vextir því eins og krafist er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 22.200,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Jan Jansen bifvélavirkjameistara og Bent Jörgensen bifvélavirkjameistara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Arnar Sigurðsson, Heiðargerði 104, Reykjavík, greiði stefnanda, Birgi Sigurðssyni, Hléskógum 24, Reykjavík, kr. 32.112,00 með 24% ársvöxtum af kr. 550,00 frá 6. janúar 1985 til 7. febrúar s.á., en af kr. 32.112,00 frá þeim degi til 10. maí s.á., en með 22% ársvöxtum frá 11. maí s.á. til 30. september s.á., en síðan með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 22.200,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. desember 1988.

Nr. 307/1988. **Ákærvaldið**

Nr. 379/1988. (Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigþóri Heiðari Hrafnssyni og

Steindóri Ingimar Steindórssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Sameining mála. Ákæru visað frá héraðsdómi að hluta.

Þjófnaður. Nytjastuldur. Brot gegn 157. gr. alm.

hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðar-

lögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 15. júní 1988 áfrýjað til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1987 í máli, sem höfðað hafði verið af hálfu ákærvalds gegn ákærðu báðum með ákæru 3. september 1987, en ákærðu vildu una dómi. Þá hefur hann með stefnu 17. nóvember 1988 áfrýjað dómi sakadóms Reykjavíkur 31. október 1988 í máli á hendur ákærða Sigþóri Heiðari, er höfðað hafði verið með ákæru 24. október 1988, en ákærði Sigþór Heiðar hafði óskað áfrýjunar.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að báðir ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru, dagsettri 3. september 1987, og dæmdir til refsingar, sem verði þyngd frá því sem kveðið er á um í hinum áfrýjaða dómi, en staðfest ákvæði um ökúleyfissviptingu ákærðu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Þá er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms samkvæmt ákæru á ákærða Sigþór Heiðar, dagsettri 24. október 1988, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd. Loks er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, hvor í sinni sök.

Af hálfu ákærðu er krafist sýknu af refsí- og bótakröfum auk málsvarnarlauna.

I.

Dómur 1. desember 1987.

Eins og lýst er í héraðsdómi, þá eru ákærðu m.a. ákærðir fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Mál út af brotum gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við, sbr. 4. mgr. sömu greinar. Enginn tjónþola hefur gert refsikröfu í málinu. Sjóváttryggingarfélag Íslands hf., váttryggjandi bifreiðanna, sem ákærðu skemmdu, hefur hins vegar gert refsikröfu í málinu. Ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ekki sé unnt að líta á tryggingafélagið sem þann aðila, sem misgert er við í merkingu 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 25. gr. sömu laga. Í málflutningi fyrir Hæstarétti taldi ríkissaksóknari, að réttléga hefði átt að ákæra fyrir brot gegn 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga og að unnt væri að beita þeirri grein í stað 1. mgr. 257. gr., með stoð í 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Eigi verður talið, eins og ákæru er háttað, að grundvelli máls-

ins verði nú breytt á þann veg. Ber því að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákærana skorti lagastoð hvað varðar meint brot ákærðu gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga og vísa henni frá dómi, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómari vísaði framkomnum skaðabótakröfum frá dómi, og eru þær því eigi til endurskoðunar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974. Mishermt er í hinum áfrýjaða dómi, að „Sambandið“ geri bótakröfu í málinu. Mun þar átt við Samvinnutryggingar g.t.

Í 4. lið ákæru er ákærðu gefið að sök að hafa stolið skráningarmerki af bifreið og festa það í heimildarleysi á Opel-bifreið þá, sem þeir höfðu tekið. Er þetta talið varða við 244. gr. og 157. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu hafa báðir viðurkennt fyrir dómi, að þeir hafi fest skráningarmerki á Opel-bifreiðina, sem var númerslaus, í þeim tilgangi að geta ekið um óáreittir. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þetta atriði.

Þá ber og að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms og færslu til refsíákvæða um aðra þá verknaði, sem ákærðu eru gefnir að sök. Samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga ber nú að dæma mál ákærðu eftir ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987. Brot ákærðu varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. þeirra laga. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis, sbr. nú 1. sbr. 3. mgr. 102. gr. og 2. mgr. 101. gr. laga nr. 50/1987.

II.

Dómur 31. október 1988.

Broti ákærða Sigþórs Heiðars er rétt lýst í héraðsdómi. Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæða. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta en vextir verða dæmdir eins og í dómsorði segir.

III.

Refsing Sigþórs Heiðars Hrafnssonar ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga svo og 78. gr. sömu laga, að því er varðar brot hans, sem talin eru í ákæru 24. október 1988. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt sakavottorði 25. nóvember 1988, sem lagt var fyrir Hæstarétt, var Steindór Ingimar Steindórsson dæmdur í 45 daga fangelsi 1. febrúar 1988 fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningar-

laga, og þann 15. febrúar 1988 í 45 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann sakfelldur hinn 11. apríl 1988 fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, en ekki gerð sérstök refsing. Allir þessir dómur, sem kveðnir voru upp í sakadómi Reykjavíkur, voru dæmdirir sem hegningarauki. Rétt þykir að staðfesta refsíákvörðun héraðsdóms, að því er hann varðar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um að svipta beri ákærðu öku-leyfi ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigbór Heiðar Hrafnsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði, Steindór Ingimar Steindórsson, sæti fangelsi í 75 daga.

Ákvæði héraðsdóms um, að ákærðu skuli ævilangt vera sviptir ökuréttindum og ákvæði héraðsdómanna um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er vísað frá dómi.

Ákærði Sigbór Heiðar Hrafnsson greiði Þórunni Eyjólfsdóttur, Austurbrún 2, Reykjavík, 52.000,00 krónur og Ólafi Jenssyni, Austurbrún 2, Reykjavík, 330.000,00 krónur. Af bótakröfum þessum greiði ákærði ársvexti sem hér segir: 21,5% frá 9. nóvember 1987 til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 20% frá þeim degi til 1. júní s.á., 22% frá þeim degi til 11. s.m., 24% frá þeim degi til 21. s.m., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 25% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 7% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á. og 4% frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Sigþór Heiðar Hrafnsson greiði 2/3 hluta alls áfrýjunarkostnaðar og ákærði Steindór Ingimar Steindórsson 1/3 hluta alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 1. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, er háð var í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 684-685/1987: Ákærvaldið gegn Sigþóri Heiðari Hrafnssyni og Steindóri Ingimar Steindórssyni, er tekið var til dóms þann 23. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara útgefnu 3. september sl. á hendur Sigþóri Heiðari Hrafnssyni, Njálsgötu 34, Reykjavík, fæddum 27. ágúst 1966 á Selfossi, og Steindóri Ingimar Steindórssyni, Kögurseli 12, Reykjavík, fæddum 8. apríl 1967 þar í borg, „fyrir að hafa í félagi eða einir sér framið eftirgreind brot aðfaranótt sunnudagsins 8. febrúar 1987:

1) Gegn ákærðu báðum fyrir að hafa í félagi reynt að taka í heimildarleysi fjórtán nýjar og óskráðar bifreiðar og eina dráttarvél sem stóðu á baklód Sambands íslenskra samvinnufélaga, Ármúla 3, Reykjavík, og í því skyni brotið rúður í 13 bifreiðum af gerðinni Chevrolet Monza, í hægri afturhurð á fjórum, í hægri framhurð á sex, í vinstri afturhurð á einni og í vinstri framhurð á tveimur og í hægri hliðarhurð á bifreið af gerðinni Opel Áscona og í vinstri hurð dráttarvélar af gerðinni Massey Ferguson.

2) Gegn ákærðu báðum fyrir að taka í heimildarleysi óskráða bifreið af gerðinni Opel Kadett í sama porti.

3) Gegn ákærða Steindóri Ingimar fyrir að aka henni þar undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt á hlið á girðingu kringum baklódina, sem við það eyðilagðist, og síðan um götur Reykjavíkur.

4) Gegn ákærðu báðum fyrir að stela skráningarmerkjunum R-26351 af bifreið í Drápuhlíð og festa þau í heimildarleysi á bifreiðina.

5) Gegn ákærða Steindóri Ingimar fyrir að aka bifreiðinni þaðan, enn undir áhrifum áfengis, til Hafnarfjarðar og þar í gegnum hlið að porti skipafélagsins Oks hf. við Melabraut, en við það brotnaði annar hliðstólpinn, og síðan til Grindavíkur og til baka að fjallinu Þorbirni.

6) Gegn ákærða Sigþóri Heiðari fyrir að aka bifreiðinni þaðan undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda áleiðis til Reykjavíkur þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Grindavíkurvegi.

Brot ákærðu samkvæmt lið 1 telst varða við 1. mgr. 257. gr. og 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, samkvæmt lið 2 við 1. mgr. 259. gr. sömu laga og samkvæmt lið 4 við 244. gr. og 157. gr. sömu laga. Brot ákærða Steindórs Ingimars samkvæmt lið 3 og 5 telst varða við 1. mgr. 257. gr. nefndra hegningarlaga og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og brot Sigþórs Heiðars samkvæmt lið 6 við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu sakarkostnaðar auk skaðabóta.“

Ákærði Steindór Ingimar heldur uppi vörnum í málinu og krefst verjandi hans að hann verði dæmdur í vægustu refsingu og að bótakröfur verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann þess að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun hans, verði greiddur úr ríkissjóði.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sigþórs Heiðars varð hann uppvís að þjófnaði 1983 en ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár. Þá hefur hann þrisvar sæst á sektargreiðslur vegna ölvunaraksturs og fleiri umferðarlagabrota, síðast 7. apríl 1986, er hann var sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 12 mánuði frá 3. september 1986.

Sakferill ákærða Steindórs Ingimars er sem hér segir:

1983: Uppvís að þjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1984: 30 daga varðhald skilorðsbundið í 2 ár fyrir nytjastuld.

1987: 32.000 króna sekt og sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir ölvunarakstur og réttindaleyfi.

1987: 45 daga varðhald skilorðsbundið í 2 ár fyrir líkamsárás. Dómur kveðinn upp 2. febrúar.

Þá hefur hann þrisvar sæst á sektargreiðslur vegna umferðarlagabrota.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 8. febrúar sl. fóru ákærðu inn á baklód Ármúla 3 í Reykjavík, en þar eru geymdar nýinnfluttar bifreiðar. Þeir hugðust verða sér úti um bifreið og í því skyni brutu þeir rúður í samtals 14 bifreiðum og reyndu síðan að gangsetja þær en það tókst ekki. Á sama hátt brutu þeir rúðu í einni dráttarvél. Að síðustu tókst þeim að gangsetja bifreið af gerðinni Opel Kadett. Inn í hana komust þeir með því að brjóta í henni rúðu. Ákærði Steindór Ingimar ók síðan bifreiðinni á hlið sem er á girðingunni í kringum baklódina, og skemmdist það við áreksturinn. Frá Ármúla 3 ók hann svo upp í Hliðar en þar stálu ákærðu skráningarkerkjum R-26351 af bifreið í Drápuhlíð. Festu þeir merkin á Opel-bifreiðina, en hún

var óskráð, í þeim tilgangi að geta ekið um óareittir. Frá Reykjavík héldu nú ákærðu á bifreiðinni til Hafnarfjarðar og var ákærði Steindór Ingimar ökumaður. Þar ók hann gegnum hlið að porti skipafélagsins Oks hf. við Melabraut og brotnaði við það annar hliðstólpinn. Frá Hafnarfirði ók ákærði til Grindavíkur og þaðan til baka að fjallinu Þorbirni þar sem ákærði Sigþór Heiðar tók við akstrinum og ók þar til lögreglan stöðvaði aksturinn á mótum Grindavíkurvegur og Reykjanesbrautar.

Þegar ákærðu óku bifreiðinni voru þeir báðir undir áhrifum áfengis og auk þess ökuréttindalausir.

Þeim voru tekin blóðsýni til alkóhólrannsókna og sýndi niðurstaða rannsóknarinnar að í ákærða Sigþóri Heiðari var 1,33% og í ákærða Steindóri Ingimar 1,51%.

Ákærðu hafa bæði hjá lögreglu og síðar fyrir dómi viðurkennt framangreint athæfi. Ákærði Steindór Ingimar bar þó fyrir dómi að hann gæti ekki svarað því hvað fyrir þeim hefði vakað með því að brjóta rúðurnar í bifreiðunum. Í lögregluskýrslu, sem hann staðfesti rétta, kvað hann þá hafa farið inn á baklóðina til að stela bifreið.

Sjóváttryggingarfélag Íslands hf. hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærðu vegna skemmda á bifreiðunum samtals að fjárhæð kr. 50.782,00 og auk þess krafist að þeim verði refsað. Samvinnutryggingar hafa krafist bóta að fjárhæð kr. 273.384,00 vegna skemmda á hliðinu inn á baklóðina við Ármúla 3. Aðrar kröfur eru ekki í málinu.

Fyrir dómi mótmælti ákærði Steindór Ingimar bótakröfunum. Ákærði Sigþór Heiðar samþykkti kröfu Sjóvá en hafnaði kröfu Samvinnutrygginga.

Niðurstöður.

Í máli þessu eru ákærðu m.a. ákærðir fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar skal mál því aðeins höfða út af brotum gegn 1. mgr., að sá krefjist þess, sem misgert er við. Samkvæmt gögnum málsins eru tjónþolar Bilvangur sf., skipafélagið Ok hf. og Samband íslenskra samvinnufélaga. Ok hf. gerir engar kröfur í málinu. Sambandið gerir bótakröfu en enga refsikröfu. Bilvangur sf. gerir engar kröfur en Sjóváttryggingarfélag Íslands hf., sem tryggði bifreiðarnar er ákærðu skemmdu, hefur krafist skaðabóta og einnig gert refsikröfu.

Í þessu máli er ekki hægt að líta á tryggingafélagið sem þann aðila er misgert var við í skilningi 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga sbr. 1. mgr. 25. gr. sömu laga. Af þessu leiðir að ákærðuna skortir lagastoð hvað varðar meint brot ákærðu gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga og ber því að vísa henni frá dómi að þessu leyti.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, ber einnig að vísa framkomnum skaðabótakröfum frá dómi enda er tjónið á Opel Kadett-bifreið-

inni ekki nægilega sérgreint til að hægt sé að dæma um þann hluta kröfunnar sbr. 2. lið ákærunnar.

Að öðru leyti er sannað með játningum ákærðu, sem studdar eru öðrum gögnum málsins, að þeir hafi gerst sekir um aðra þá verknaði sem þeim eru gefnir að sök í ákæruskjalinu og eru þar réttilega færðir til refsí-
ákvæða.

Refsingar ákærðu ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða Sigþórs Heiðars er hæfilega metin fangelsi í 45 daga. Ákærði Steindór Ingimar hefur með brotum þessum rofið skilorðið, sem hann var dæmdur í 2. febrúar sl. Ber nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að taka þann dóm upp og dæma með þessu máli. Refsing hans er því hæfilega ákveðin fangelsi í 75 daga.

Svipta ber ákærðu ökuleyfi ævilangt og samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga sbr. 178. gr. laga nr. 74, 1974 ber að ákveða að áfrýjun fresti ekki verkun dómsins að þessu leyti.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði Steindór Ingimar greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Williams Thomas Möller hdl., kr. 10.000,00 auk söluskatts, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sigþór Heiðar Hrafnsson sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði Steindór Ingimar Steindórsson sæti fangelsi í 75 daga.

Ákærðu eru báðir sviptir ökuréttindum ævilangt.

Ákæru fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga er vísað frá dómi.

Skadabótakröfum Samvinnutrygginga g.t. og Sjóvátryggingarfélags Íslands hf. er vísað frá dómi.

Ákærði Steindór Ingimar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Williams Thomas Möller hdl., kr. 10.000,00 auk söluskatts, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. október 1988.

Ár 1988, mánudaginn 31. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómsmála, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 579/1988: Ákærvaldið gegn Sigþóri Heiðari Hrafnssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru dagsettri 24. október sl. gegn ákærða, Sigþóri Heiðari Hrafnssyni verkamanni, Krummahólum 2, Reykjavík, fædd-

um á Selfossi þann 27. ágúst 1966, „fyrir þjófnað með því að hafa mánu-
daginn 9. nóvember 1987 stolið 2 sparisjóðsbókum úr íbúðum í fjölbýlis-
húsinu nr. 2 við Austurbrún í Reykjavík — almennri sparisjóðsbók Þór-
unnar Eyjólfsdóttur nr. 13622 hjá Landsbanka Íslands með innistæðu kr.
139.285,62 úr íbúð nr. 8.3 og kjörbók Ólafs Jenssonar nr. 60694 hjá Lands-
banka Íslands með innistæðu kr. 422.173,45 úr íbúð nr. 5.7.

Ákærði tók sama dag kr. 52.000 út af fyrrnefndu bókinni og út af þeirri
síðari kr. 330.000, sem hann hafði til eigin nota.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabó-
tá og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við
önnur gögn málsins:

Mánudaginn 9. nóvember sl. fór ákærði í heimildarleysi inn í tvær íbúðir,
nr. 5 á 7. hæð og nr. 3 á 8. hæð, og stal úr hvorri þeirra bankabókum
með innistæðu samtals að fjárhæð kr. 725.173,45. Hann hafði séð bækurnar
um viku áður og ákvað þá að slá eign sinni á þær síðar og fara í fram-
haldi af því til útlanda.

Ákærði vann um þessar mundir við að mála svalir íbúða fjölbýlishússins
og fékk lykla að íbúðunum vegna starfs síns.

Í íbúðinni á 7. hæð tók hann úr skrifborðsskúffu sparisjóðsbók Ólafs
Jenssonar nr. 60694 hjá Landsbanka Íslands. Innistæða í henni var kr.
422.173,45. Í íbúðinni á 8. hæð tók hann úr skrifborðsskúffu í svefn-
herbergi sparisjóðsbók Þórunnar Eyjólfsdóttur nr. 13622 hjá Landsbanka
Íslands, en innistæða í henni var kr. 139.285,62.

Samdægurs fór ákærði með sparisjóðsbók Ólafs Jenssonar í aðal-
banka Landsbankans og tók þar út úr henni kr. 330.000,00 og sparisjóðs-
bók Þórunnar Eyjólfsdóttur í útibú Landsbankans að Laugavegi 77 og tók
út úr henni kr. 52.000,00. Ritaði hann nafn sitt undir báða úttektarseðlana
jafnframt því sem hann útfyllti aðrar nauðsynlegar upplýsingar á seðlana.

Daginn eftir fór ákærði til Amsterdam, þaðan til Portúgals og loks þaðan
til Toronto í Kanada, en kom til landsins á ný í byrjun maimánaðar sl.
Hann eyddi fénu í fargjöld og gjaldeyri.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst
sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður
fyrir og réttilega er heimfærð til refsíákvæða í ákæruskjali.

Þórunn Eyjólfsdóttir og Ólafur Jensson hafa bæði lagt fram skaðabóta-
kröfu á hendur ákærða, Þórunn að fjárhæð kr. 52.000,00 og Ólafur að
fjárhæð kr. 330.000,00. Bæði hafa krafist dómvaxta af höfuðstólnum frá
9. nóvember 1987 til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt greiðslu krafanna og verður hann dæmdur til

að greiða ofangreindum aðilum höfuðstól krafanna auk almennra vaxta frá 9. nóvember 1987 til greiðsludags.

Sakaferill ákærða:

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann gengist 4 sinnum undir dóm-sát á árunum 1982-1987, þrívégis fyrir ölvun við akstur o.fl. umf.l.bro og einu sinni (12. október 1987) fyrir eignaspjöll. Árið 1983 var ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár á hendur honum fyrir þjófnað. Þá hefur hann hlotið þessa refsidóma:

- 1984 2/1 30 daga varðhald skb. í 2 ár auk sektar fyrir nytjastuld og réttindaleysi við akstur.
- 1987 1/12 45 daga fangelsi fyrir eignaspjöll, þjófnað, nytjastuld og tilraun til nytjastuldar, ölvun og réttindaleysi við akstur. Sviptur ökuleyfi ævilangt.
- 1988 30/5 Sakfelldur fyrir skjalafals. Ekki dæmd refsing. Hegningarauki (sic).

Brot ákærða sem fjallað er um í dómi þessum eru framin áður en dómarnir frá 1. desember og 30. maí sl. voru upp kveðnir. Ber því nú að ákveða ákærða hegningarauka skv. 78. gr. alm. hegningarlaga, sem með hliðsjón af 77. gr. sömu laga og sakaferli ákærða þykir hæfilega ákveðinn 6 mánaða fangelsi.

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigþór Heiðar Hrafnsson, sæti 6 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði Þórunni Eyjólfsdóttur, Austurbrún 2, Reykjavík, kr. 52.000,00 ásamt almennum vöxtum frá 9. nóvember 1987 til greiðsludags og Ólafi Jenssyni, Austurbrún 2, Reykjavík, kr. 330.000,00 ásamt almennum vöxtum frá 9. nóvember 1987 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.